

Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn Iceland s: 464-4163 f. 464-4363, netf. gudrunm@myv.is

Skipulags- og umhverfisnefnd - 26.03.2013

26. fundur

26. mars 2013. kl 14:00-16:00

Fundarstaður: Hótel Reynihlíð

Fundarmenn:

Margrét Hólm Valsdóttir form.

Karl Emil Sveinsson

Birgir Steingrímsson

Eyrún Björnsdóttir

Pétur Snæbjörnsson

Starfsmenn:

Bjarni Reykjalin, skipulags- og byggingarfulltrúi

(fundarritari)

1. Arnarvatn, hótellóð. Kynning á frumhönnun á hótélbyggingu

S20120302

Sigurður Magnússon hefur óskað eftir því að fulltrúar og hönnuðir hótels Laxár ehf (áður Landafélagið) fái að koma á fund skipulagsnefndar, til að kynna frumhönnun á hóteli í landi Arnarvatns. Hönnuðir, væntanlegir eigendur, verkefnisstjóri og fulltrúi landeigenda mættu á fundinn og gerðu grein fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum og kynntu frumdrög að hönnun hótelsins.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur áherslu á eftirfarandi markmið í kafla 4.1.3, Byggingarlist og mannvirkjagerð í drögum að Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023

- Það er eindregin stefna skipulagsnefndar/sveitarstjórnar að manngert umhverfi skuli öðru fremur einkennast af góðri byggingarlist og sómasamlegri umgengni og frágangi bújarða og lóða.*
- Mannvirki skulu felld að landi á smekklegan hátt með virðingu fyrir náttúrunni. Umfang bygginga, húsgerð, form og litasetning skal vera í góðu samræmi við viðkvæmar aðstæður hverju sinni.*
- Einfaldar skúrabyggingar s.s. endurnýttar vinnubúðir eða gámaeiningar eru ekki viðeigandi húsgerðir í einstöku umhverfi Mývatnssveitar.*
- Þar sem mannvirki kunna að verða heimiluð á eldhrauni skal þess gætt að rask verði sem minnst, mannvirki verði aðlöguð sem best að landslagi og*

hugað að afturkræfni framkvæmda.

5. *Skipulags- og umhverfisnefnd og sveitarstjórn ber að meta þessi atriði við afgreiðslu byggingarleyfa með það að markmiði at tryggja gæði bygginga m.t.t. notagildis, endingar, tæknilegra gæða, útlits og formfegurðar.*
6. *Ákvæði sem stuðla að vandaðri umhverfismótun og góðri byggingarlist skulu sett í deiliskipulagi viðkomandi svæða sbr. stefnu sveitarstjórnar í kafla 3.3.í aðalskipulagi. Vísað er til stefnu Íslenskra stjórnvalda um hönnun og byggingu opinberra mannvirkja hvað snertir markmið og sjónarmið um gæði byggingarlistar og mótun hins manngerða umhverfi.*
7. *Á aðaltekningum skal gera grein fyrir hæðarlegu gólfkóta bygginga og mannvirkja m.t.t. hæðarlegu aðliggjandi óraskaðs lands.*

2. Grafarlönd austari og Herðubreiðarlindir. Stofnun Þjóðlendu

S20130301

Erindi dags. 26. febrúar 2013 frá Forsætisráðuneytinu um stofnun Þjóðlendu sbr. 14. gr. laga um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 með síðari breytingum.

Fylgigögn með umsókn eru útdráttur úr úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 1/2007 dags 6. júní 2008 og landspildublað.

Úr Bræðraklifi í Hafragjá (G) er farið í Veggjafell (H), við austurjaðar Herðubreiðarfjalla og þaðan til suðausturs, í stefnu á Hlaupfell, þar til kemur að skurðpunkti (I) við línu sem liggur frá ármótum Kreppu og Jökulsár á fjöllum í Herðubreið. Frá þessum skurðpunkti (I) er síðastnefndu línunni fylgt austur að ármótum Kreppu og Jökulsár á Fjöllum (J) Þaðan ræður Jökulsá á Fjöllum til norðurs þar til komið er beint austur af Bræðraklifi í Hafragjá (M) og þeirri línu fylgt í Bræðraklif (G)

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að erindi Forsætisráðuneytisins verði samþykkt og skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að annast málsmeðferð vegna stofnunar Þjóðlendunnar.

3. Garður-Skógræktaráform. Umsókn um framkvæmdaleyfi.

S20130302

Erindi dags 18. mars 2013 frá Kára Þorgrímssyni, kt. 170659-5979, Garði II, þar sem hann óskar eftir framkvæmdaleyfi til skógræktar á 160 ha svæði sbr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og framkvæmdaleyfisreglugerð nr. 772/2012.

Fylgiskjöl:

1. Ræktunaráætlun. Lýsing á framkvæmd og framkvæmdatíma ásamt afstöðumynd af samningssvæði.
2. Ákvörðun um matsskyldu frá Skipulagsstofnun ásamt þeim gögnum sem stofnunin byggði niðurstöður sína á.
 - A. Greinargerð vegna tilkynningar til ákvörðunar um matsskyldu.
 - B. Fylgiskjal 2. Greinargerð um Garð II í Mývatnssveit
 - C. Samningur um þátttöku í landshlutverkefni í skógrækt.

3. Fyrirliggjandi álitsgerð frá Fornleifavernd ríkisins, Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að veitt verði framkvæmdaleyfi skv. fram komnum gögnum en þó með fyrirvara um þau skilyrði sem fram koma í niðurstöðum Skipulagsstofnunar og Fornleifaverndar Ílkisins. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að gefa út framkvæmdaleyfið með fyrrgreindum fyrirvörum.

4. Kröflulína 3, 220 kV. Beiðni um umsögn.

S20130303

Erindi dags. 26 febrúar 2013 frá Eflu hf. f.h. Landsnets þar sem óskað er eftir að Skútustaðahreppur gefi umsögn um tillögu að matsáætlun Kröflulínu 3 skv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 106/2000 m.s.br. og 15. gr. reglugerðar nr.1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum

Lega Kröflulínu 3 er í meginatriðum eins og hún er sýnd í drögum að Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 sem nú er til lokameðferðar. Fyrirhuguð lína, valkostur C, eins og hún er sýnd á uppdrætti 1 á loftmyndakorti er þó ekki í samræmi við aðalskipulag og leggst skipulags og umhverfisnefnd eindregið gegn því að sá kostur verði valinn einkum vegna vistfræðilegra áhrifa sem sú línulögn myndi hafa í för með sér. Að öðru leyti gerir nefndin ekki athugasemdir við matsáætlunina

5. Reykjahlíð. Landskipti

S20130304

Erindi dags. 7. mars 2013 frá Ólafi H. Jónssyni f.h. Landeigenda Reykjahlíðar ehf. þar sem óskað er eftir umsögn sveitarstjórnar Skútustaðahrepps vegna landskipta í landi Reykjahlíðar eins og kveður á um í 13. gr. laga um landskipti. Sveitarstjórn vísaði erindinu til umsagnar skipulags- og umhverfisnefndar.

Skipulags- og umhverfisnefnd vísar erindinu til baka þar sem hún telur að ekki hafa verið uppfyllt ákvæði 16. gr. landskiptalaga nr.46/1941 um að leita samþykkis allra hagsmunaaðila:

„Landeigendum er frjálst að skipta sjálfir landi milli sín, ef þeim kemur saman um það öllum og leiguliðar og aðrir, er nokkurn rétt hafa á landinu og skiptin snerta hagsmunalega, gefa samþykki sitt til þess.“ (Landskiptalög nr 46/1941, 16. gr.)

Nefndin dregur í efa að þessi gjörningur styrki stöðu sveitarfélagsins í yfirstandandi skipulagsvinnu og verður að skoða það sérstaklega m.t.t. vaxtar og þróunar sveitarfélagsins.

6. Drekgil. Nýtt landvarðarhús.

S20130305

Erindi dags. 21. mars 2013 frá Stefáni Erni Stefánssyni arkitekt f.h. Vatnajökulspjóðgarðs þar sem sótt er um heimild til að reisa nýtt landvarðarhús í Drekgili skv. meðfylgjandi teikningum

eftir Stefán Örn. Innkomin ný gögn, tillaga að breytingu á deiliskipulagi með greinargerð dags. 25. mars 2013 frá Teiknistofu arkitekta, Gylfa Guðjónssyni og félögum ehf.

Skipulags- og umhverfisnefnd getur ekki orðið við erindinu þar sem húsið nær út fyrir byggingarreitinn eins og hann er skilgreindur í gildandi deiliskipulagi. Nefndin leggur hins vegar til við sveitarstjórn að gerð verði óveruleg breyting á gildandi deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sem feli í sér stækkun á byggingarreit til samræmis við stærð væntanlegrar byggingar. Skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að grenndarkynna deiliskipulagsbreytinguna skv. 2. mgr. 44 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

7. Dettifoss, deiliskipulag áningar- og þjónustusvæðis Skipulagslýsing.

S20130306

Erindi dags 21. mars 2013 frá Þórði H. Ólafssyni, f.h. Vatnajökulspjóðgarðs, þar sem hann óskar eftir því að deiliskipulagslýsing vegna deiliskipulags áningar- og þjónustusvæðis við Dettifoss verði tekið til formlegrar umfjöllunar í skipulags- og umhverfisnefnd Skútustaðahrepps. Fylgigögn með erindinu eru skipulagslýsing frá Landmótun sf. dags. febrúar 2013 og drög að deiliskipulagi.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur þunga áherslu á að aðgengi allra að stígakerfi og útsýnispöllum verði tryggt eins og kostur er (algild hönnun). Að öðru leyti leggur nefndin til við sveitarstjórn að deiliskipulagslýsingin verði samþykkt og skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að leita umsagnar um hana hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynna fyrir almenningi skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

8. Vinnubúðir Bjarnarflagsvirkjunar. Deiliskipulagslýsing

S20121202

Erindi dags 25. mars 2013 frá Jóni H. Gestssyni, f.h. Landsvirkjunar þar sem hann óskar eftir heimild sveitarstjórnar til að láta vinna deiliskipulagslýsing af vinnubúðum Landsvirkjunar vegna Bjarnarflagsvirkjunar á lóð fyrrum Kísiliðjunnar. Einnig óskar hann eftir að skipulagslýsing deiliskipulagsins verði tekin til meðferðar skv. 2. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Fylgiskjal er skipulagslýsing dags. 25. mars 2013 frá Teiknistofu arkitekta, Gylfa Guðjónssyni og félögum ehf.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að Landsvirkjun verði heimilað að láta vinna deiliskipulag af vinnubúðum Bjarnarflagsvirkjunar skv. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Nefndin leggur einnig til að deiliskipulagslýsingin verði samþykkt og skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að leita umsagnar um hana hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynna fyrir almenningi skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Fundi slitið